# REYKJAVÍKURBORG

# SELJAHVERFI STÍGAR - BREYTING Á SKIPULAGI



**HLUTI AF GILDANDI DEILISKIPULAGI,**
Seljahverfi, uppfært og samþykkt 1976 og 1977, MKV. 1:4000




**TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI,**
MKV. 1:2000




Yfirlitsmynd úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 sem sýnir staðsetningu á deiliskipulagi, ekki í kvarða

## SKÝRINGAR

- Núverandi stígar og stéttir
- Tillögur að nýjum stígum í landi Reykjavíkur
- Nýir stígar í Kópavogi
- Sveitarfélagsmörk

## GREINARGERÐ

Kópavogsbær hefur ákveðið að klára að malbika þann kafla af stofnstíg sem liggur á mörkum beggja sveitarfélaganna við Seljahverfið. Um er að ræða framlengingu á rúmlega 1 km. kafla á áður skilgreindum reiðstíg. Nú hefur Kópavogsbær ákveðið að fella kvöðina um reiðstíg út og er því um að ræða almennan göngustíg. Stígurinn fellur innan lögsagnarumdæmis Kópavogs. Í samráði við skipulagsskrifstofu Kópavogs hefur Reykjavíkurborg fengið leyfi til að tengja sig inn á hann á nokkrum stöðum. Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er stofnstígur sýndur við sveitarfélags-mörkin, auk þess sem tengistígur er sýndur sem teygir sig inn í Seljahverfið milli Hæðarsels og Lindasels og að núverandi stígakerfi innan hverfis. Aðrar stígatengingar eru ekki sýndar á skipulagi.

Gildandi skipulag er frá 1976-1977 - en ekki eru sýndar á þeim uppdrætti stígatengingar. Þykir því réttast að kynna skipulagsbreytingu fyrir grenndinni og fá viðbrögð og ábendingar áður en farið verður í hönnun, útfærslu og framkvæmdir á fyrirhuguðum stígum.

## TILLAGA AÐ BREYTINGU

Tillagan gerir ráð fyrir nýjum stígatenginum á nokkrum stöðum í Seljahverfi við nýjan göngustíg sem liggur á sveitarfélags-mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Sjá nánar tillöguuppdrátt. Gert er ráð fyrir 2-3 metra breiðum stígum að jafnaði en nánari hönnun og endanleg útfærsla er eftir. Stígar eru leiðbeinandi á uppdrætti og gætu hliðrast eitthvað til við hönnun. Almennt er gert ráð fyrir að þeir verði lýstir upp.

Stígatengingar við Lambasel eru ekki sýndar á þessum uppdrætti, en eru á skipulagi Lambasels frá 2004, þannig að fyrirliggjandi eru þær heimildir auk þess sem þegar búið að framkvæma að mestu þær tengingar.



**SKÝRINGARMYND - loftmynd af núverandi aðstæðum**
Mkv. 1:2000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Umhv. og skipulagssviði
þann 13. febr. 2013 og í
Borgarráði þann
21. febr. 2013

Tillagan var auglýst frá 17. des. 2012 með athugasemdafresti til 1. febr. 2013.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20_.

Björn Axelsson

**SELJAHVERFI STÍGAR**
Breyting á deiliskipulagi vegna stígatenginga

**Dags: 15.11.2012**
**Mkv: 1:4000**
**Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, s. 411-1111